

Kjarval gat til dæmis aldri skilið „litaperspektív“ og teiknari var hann ekki fyrir tíu ára. Hann fékk vitleysisköst, eins og Van Gogh. Ég lét aldrei svoleiðis hafa áhrif á mig. Um þetta leyti var mikil Cezanne-della. Cezanne hafði skínandi fallega liti, en alltaf þá sömu. Endurtók sig í sífellu, og hann kundi ekki að teikna. En ég var hrifinn af ýmsum öðrum impressionistum, svo sem Renoir, svo ég tali ekki um konung konunganna í heimi myndlistarinnar, sjálfan Rembrandt. Og Degas. Myndin af dansmeyjunni hans í safninu í París er alveg stórkostleg. Auðvitað varð ég fyrir áhrifum af þeim, en þess sjást hvergi merki í málverkunum mínum. Þótt þau séu mörg ákaflega ólík hvert öðru, þá leynir sér ekki hver hefur málað þau.

— Þú hefur líklega aldrei verið áhrifagjarn í lífinu. Og farið þínar eigin götur?

— Ég hefi farið mínar eigin götur, það er rétt. Eitt sinn gekk sú della, að Íslendingar fóru að taka upp ættarnöfn. Systkini mín sum tóku upp ættarnafnið Valfells, en ég var áfram Bjarnþórs-son og verð það alltaf.

● Allt í einu kominn í tísku

— Þá hefurðu heldur ekki sóst eftir vinsældum?

— Þegar ég var krakki fékk ég mikið hrós fyrir teikningarnar mínar. Eftir að ég kom heim frá Kaupmannahöfn hélt ég sýningu, og „gerði lukku“, var kalliður gamaldags. Þannig hefur það verið alla mína ævi. Þar til núna, að ég er allt í einu kominn í miðjan tísku-strauminn. Amerísku málarnir eru orðnir svona naturalistískir. Sjáðu bara! Og Ásgeir dregur fram nýja listaverkabók með myndum bandaríska málara Andrew Wyeth og bendir með aðdáun á nokkrar myndanna.

— Nú hefurðu verið listmálari að ævistarfi og lifað á listinni?

— Já, ég lifði mest á portret-málun, og hafði rétt nóg til að lifa af. Ég hefi aldrei fengið nokkurn opinberan styrk. Einu sinni átti að setja mig á lægsta styrk, en ég sagði nei takk. Sat eins vel með án þessa lítilræðis. Svo ég bykist eiga nokkuð inni hjá þjóðinni.

— Þú varst nokkuð mikið er-



lendis og kynntist listum víða um Evrópu, var það ekki?

— Ég var í Luxemburg, þar sem ég skreytti kirkju. Hélt að um væri að ræða raunverulega fresku-mynd, en það var þá kalkmálning. Ég var ekki ánægður með það. Svo fór ég til Parísar. Var síðan í Suður-Frakklandi veturinn 1926–27 í þorpinu Cagnes sur Mer, skammt frá Cannes og ítölsku landamærunum. Eggert Laxdal var kominn þangað á undan mér. Hann var þarna lengi. Ég málaði mikið á þessum árum. En Rómaborg finnst mér stórkostlegust af öllum þessum stöðum. Þangað kom ég fyrst 1931 og þar hefi ég verið þrisvar sinnum. Róm er höfuðborg Vesturlanda enn þann dag í dag. Þetta er yndisleg borg, og söfnin þar stórkostleg. Þar lifur mér alltaf vel.

— Hefurðu sýnt mikið erlendis?

— Nei, nei, ekki mjög mikið. Síðast sýndi ég fyrir líklega áratug á Charlottenborg. Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar eða 1947 var ég með sýningu í London, sem síðan fór í 10 borgir á Bretlandseyjum. Þá var ég gerður að félagi í Chelsea Art Club. Mér er sagt að þetta sé einn finasti klúbbur í heimi. Það er ekki hægt að sækja um innngöngu, mér var bara tilkynnt um þetta. Þetta er hluti af Royal Academie og klúbburinn eldgamall. Eigandi þessa húss sem er rétt utan við London gaf það konunglegu akademíunni. Hún tók þá upp á því að stofna klúbb og gera þá sem hún vildi hafa, umfram þessa sextíu, sem skipa Royal Academie, að meðlimum í klúbbnum. Ég hefi komið þarna. Allir sem ég hefi hitt þar eru Bretar, utan einn Bandaríkja- maður.

— Þú hlýtur að eiga mikið af myndum frá ýmsum tímum á sýningu?

— Nei, nei, ég á sjálfur ákaflega lítið af verkum mínum. Sumt hefi ég með tímanum, selt eða gefið, og þegar ég var ungur maður eyðilagði ég mikið af myndum, ef mér líkuðu þær ekki. Vinir mínir hirtu úr þessu og þess vegna eru myndir enn til. Þegar ég var ungur taldi ég mig góðan teiknara, en þegar ég hitti svo í München mann, sem var miklu betri en ég, ákvað ég að gera betur og teiknaði þindarlaust. Ég er alltaf lengi að mála hverja mynd, er oft með hana í takinu í nokkur ár. Þá tek ég myndina fram aftur og vinn að henni. Það er ekkert einsdæmi. Breski málari Augustus Jong, var til dæmis sex ár að mála kerlinguna með sellóid. Lengst var hann með

hægri höndina með bogann, sem hann málaði aftur og aftur. Í byrjun var konan í gulum kjól, en á endanum í rauðum. Honum kynntist ég vel í London.

— Er þetta ekki yfirlitssýning yfir þinn feril á Kjarvalsstöðum?

— Jú, svo langt sem það nær. Elsta teikningin, sem ég náði í, er frá því ég var 17 ára gamall. Svo er þarna teikning frá 1918 af Mörtu systur minni með elstu dóttur sína á brjósti. Og líka málverk ef henni á sýningunni, ein frá 1930 og önnur frá því hún var sjötug. En á sýningunni eru bæði stór og smá verk. Þar eru allar tegundir málverka, uppstillingar, landslagsmyndir, portret og komposistionir. Vinir mínir hafa staðið að þessari afmælisýningu, en ég hefi verið að raða upp myndunum sjálfur. Búinn að því, nema að koma fyrir þeim sem síðast berast. Ég var að reyna að ná í mynd, sem ég gerði af vini mínum, Nielsi Dungal prófessor, sem læknaeild Háskólans á. Loks tókst mér að finna mann með lykil að herbergi úti í bæ. Læknaeildin á ekkert hús. Hugsaðu þér, læknaeild Háskóla Íslands á ekki hús yfir sig! Og þetta er kölluð menningarþjóð!

— Finnst þér vanta á menninguna hér hjá okkur?

— Við eigum mikið af hámenningu, það er satt. En svo er geypimikið af ómenningu.

— Og þú býrð hér einn og eldar sjálfur, orðinn áttædur. Málardu líka ennþá?

— Já, ég elda ofan í mig. Vandist því snemma. Ég var oft í útilegum uppi á öræfum og hingað og þangað að mála. Meðan ég var giftust, í 10 ár, eldaði ég raunar líka, ef við höfðum gesti. Þjóðverjar elda eins og Íslendingar, sjóða matinn af mikið, en ég vandist á sínum tíma franskri matargerð og vill hafa léttsteikt. Það veldur mér engum vandæðum að sjá um mig sjálfur. Og ég mála smávegis. Er að ljúka við gamlar myndir. En ég tek ekki lengur að mér að mála fólk, þótt ég sé beðinn um það.

— Ásgeir hafði verið að vinna við uppsetningu sýningarinnar allan daginn áður, og nú ætlaði hann aftur á Kjarvalsstaði eftir hádegis, til að leggja síðustu hönd á verkið.

— E.Pá.

Pylsuvagn á Ráðhústorg Akureyringa

FYRIR sumarið verður væntanlega komið upp á Ráðhústorginu á Akureyri pylsuvagni, en það er Hannes Haraldsson, Víðigerði, Eyjafirði, sem fengið hefur leyfi til að setja upp vagn þennan upp. Í vagninum er ætlunin að selja pylsur, hamborgara, svaladrykki og skyldan varning. 3 bæjarráðsmenn á Akureyri samþykktu þessa umsókn er hún kom fyrir bæjarráð, en einn var á móti.

F.Í.M. vill réttlátari skipan listamannalauna

Framleiðslufundur í Félaga íslenskra myndlistarmanna haldinn 5. mars 1979 beinir þeirri áskorun til menntamálaráðherra, Ragnars Arnalds, að hann gangist fyrir því, að lögin um listamannalauna verði tekin til gagnrýnar endurskoðunar með það fyrir augum að koma raunhæfari og réttlátari skipun á. Fundurinn er þeirrar skoðunar, að fyrirkomulag það sem nú er bundið við, sé löngu orðið urelt. Hinsvegar sýnist fundarmönnum, að starfslaunakerfið sem komið hefur verið á, hafi gefið mun betri raun og hvetja til, að það verði tekið upp alfarið. (Fréttatilkynning).



Scott Eilertson sýnir listir sínar í Bandaríkjunum. Í dag gefst Íslendingum kostur á að sjá hann stökkva yfir sex eða fleiri bíla á Sandskeiði.

Ofurhugi á snjósleða sýnir listir sínar á Sandskeiði

OFURHUGI á snjósleða mun sýna listir sínar á Sandskeiði í dag, þar sem hann mun meðal annars stökkva yfir sex eða fleiri bíla á sleða sínum. Maðurinn heitir Scott Eilertson og er frá Minnesota í Bandaríkjunum. Hefur hann ekki sýnt listir sínar í þrjú ár, en mun byrja að nýja í dag, en hingað til lands er hann kominn á vegum Lionsklúbbsins Freys í Reykjavík, og rennur

ágóði af sýningunni til björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu, Björgunarsveitarinnar Ingólfs, Flugbjörgunarsveitarinnar og Kyndils í Mosfellssveit.

Eilertson mun sem fyrr segir stökkva yfir bíla á sleða sínum, en lengst hefur hann stökkið yfir 112 fet, og mun hann í dag byrja á að stökkva yfir sex bíla, og bætir síðan hugsanlega fleiri við.

Der Niedersächsische Singkreis á Íslandi

UM HELGINA kemur til landsins kór frá Þýzkalandi á vegum Tónlistarfélagins í Reykjavík er heitir „Der Niedersächsische Singkreis“ og er hann einn þekktasti „a capella“ kór í Vestur-Þýzkalandi. Þ.e. kór er syngur án undirleiks, segir í frétt frá Tónlistarfélaginu. Kórinn heldur tvenna tónleika fyrir styrktarfélag Tónlistarfélagins, þá fyrri í Menntaskólanum við Hamrahlíð kl. 20:30 mánudaginn 2. apríl og þá síðari í Háteigskirkju 4. apríl kl. 20:30. Stjórnandi er Willi Träder, sem er prófessor við Tónlistar- og leiklistarháskóla ríkisins í Hannover og starfar hann auk þess við uppbyggingu þýzkra tónlistarskóla.

Í frétt Tónlistarfélagins segir m.a. svo um kórinn:

Der Niedersächsische Singkreis hefur unnið til verðlauna í söngkeppni á Írlandi, í Arezzo á Ítalíu og Debrecen í Ungverjalandi. Hann hefur sungið inn á margar hljómplötur og á nýjustu plötunni er úrval söngva úr Mörike Choraliederbuch eftir Hugo Distler. Flutningur tónlistar eftir Penderecke, Ligeti, Schnebel og fleiri nútímaskáld hefur verið snar þáttur í starfi kórsins síðan 1969.

Auk framangreindra söngferða hefur kórinn farið ferðir til Portú-

gals og Marokkó 1972, Mexíkó 1974, um Vesturströnd Bandaríkja-anna og Kanada sama ár og til Vestur-Afríku 1978.

Á efnisskrá tónleikanna sem haldnir verða í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru verk eftir Knut Nystedt, evrópskir madrigalar frá 15. og 16. öld, Zoltán Kodály, Johannes Brahms, Paul Hindemith, Béla Bartók. Á efnisskrá tónleikanna sem haldnir verða í Háteigskirkju miðvikudaginn 4. apríl eru verk eftir Henry Purcell, Johann Sebastian Bach, Mendelssohn, Johannes Brahms, Hugo Distler og Ernst Pepping.

Kórinn mun halda hér námskeið og einnig halda tónleika á Akureyri.

Leiðrétting

VEGNA fréttar sem birtist í Mognunblaðinu 20. mars s.l. um útgáfustarfsemi Landverndar skal það tekið fram að Hákon Guðmundsson er formaður Landverndar.

Einnig er rétt að geta þess að ritnefnd sem vann að útgáfu „Útilífs“ sem Landvernd hefur gefið út voru Vilhjálmur Lúðvíksson, Árni Reynisson og Jón E. Ísdal.